

SUMARSTÖRF HJÁ GARÐABÆ



GARÐABÆR AUGLÝSIR LAUS TIL UMSÓKNAR EFTIRFARANDI SUMARSTÖRF ÁRIÐ 2015

GARÐYRKJUDEILD

Almenn garðyrkjustörf

Umsækjendur skulu vera fæddir árið 1997 eða fyrr.

Flokkstjórar fyrir garðyrkju, hafa umsjón með garðyrkjuhópum og umsækjendur um flokkstjórnarstörf skulu vera 22 ára og eldri.

GRASSLÁTTUR

Umsækjendur skulu vera fæddir árið 1997 eða fyrr.

Flokkstjóri fyrir slátt, hefur umsjón með sláttuhóp og tækjabúnaði, umsækjandi um flokkstjórnarstöðu skal vera 22 ára og eldri.

SKÓLAGARÐAR

Leiðbeinendur við skólagarða

Æskilegt er að umsækjendur hafi uppeldis-, kennslu- eða verkmenntun.

Umsækjendur skulu vera 22 ára og eldri.

Nánari upplýsingar gefur garðyrkjustjóri 525 8579 smarig@gardabaer.is

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ

Almenn verkamannavinna

Umsækjendur skulu vera fæddir árið 1997 og fyrr.

Nánari upplýsingar gefur forstöðumaður þjónustumiðstöðvar 525 8587 sigurdurhaf@gardabaer.is

SUMARSTÖRF

Almenn sumarstörf

Umsækjendur skulu vera fæddir árið 1998 eða fyrr. Hægt er að sækja um, í umhverfshópa, í skapandi hóp, aðstoðarstarf í stofnunum, aðstoð með fötluðum og á sumarnámskeiðum og aðstoðarstörf hjá félögum í Garðabæ.

Yfirflokkstjóri og flokkstjórar fyrir umhverfshópa, skulu vera 22 árs og eldri. Æskilegt er að umsækjendur hafi uppeldis-, kennslu- eða verkmenntun. Yfirflokkstjóri þarf að geta hafið störf fyrr.

Nánari upplýsingar gefur umhverfisstjóri 525 8588, erlabil@gardabaer.is og mannauðsstjóri 525 8508, vilhjalmur@gardabaer.is.

VINNUSKÓLI

Yfirflokkstjóri og flokkstjórar

Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af uppeldis-, kennslu- og/eða garðyrkjustörfum og séu 20 ára og eldri.

Nánari upplýsingar gefur forstöðumaður vinnuskóla í síma 590 2570, gunnarrich@gardabaer.is

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is

Umsóknarfrestur um ofangreind störf er til 23.mars 2015



GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Sumarafleysingar á Reykjavíkurflugvelli

Isavia leitar að starfsfólki í sumarafleysingar í flugvallarþjónustu á Reykjavíkurflugvelli. Í starfinu felst meðal annars viðhald flugvallar og umhverfis hans, viðhald bifreiða, þungavinnuvéla og annarra tækja flugvallarþjónustunnar auk björgunar- og slökkviþjónustu.

Hæfniskröfur:

- Aukin ökuréttindi eru skilyrði. Vinnuvelapróf er kostur.
- Reynsla af slökkvistörfum er kostur.
- Bifvélavirkjun, vélvirkjun eða önnur iðnmenntun sem nýtist í starfi.
- Gott vald á íslensku og ensku, ásamt tölvukunnáttu.

Umsækjendur þurfa að standast bakgrunnsskoðun ríkislögreglustjóra vegna aðgangs að haftasvæði flugverndar.

Umsækjendur þurfa að vera heilsuhraustir og kröfur eru gerðar til góðs líkamlegs atgervis.

Nánari upplýsingar er að finna á www.isavia.is/atvinna.

Umsóknarfrestur er til og með **14. mars**.



Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna

Hjá Isavia og dótturfélögum starfa um 850 manns. Helstu verkefni fyrirtækisins eru umsjón með uppbyggingu og rekstri flugvalla og að veita flugleiðsögubjónustu fyrir innanlandsflug, jafnt sem millilandaflug, auk yfirflugsþjónustu fyrir Norður-Atlantshafið. Isavia leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.





ÍSLENSKA ÓPERAN

Óperustjóri Íslensku óperunnar

Staða óperustjóra Íslensku óperunnar auglýst laus til umsóknar. Óperustóri er listrænn stjórnandi Íslensku óperunnar. Hann ber ábyrgð gagnvart stjórn á rekstri Íslensku óperunnar og kemur fram fyrir hönd félagsins.

Meðal helstu verkefna:

- Stýrir listrænni starfsemi og verkefnavali í samráði við stjórn
- Ábyrgð á stjórnun og daglegum rekstri
- Yfirumsjón með fjármálum ásamt fjármálastjóra
- Starfsmannamál
- Ábyrgð á ytri samskiptum

Hæfniskröfur:

- Brennandi áhugi á sviði óperulistar og hæfileiki til nýsköpunar
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunarreynsla á sviði menningar og lista eða umfangsmikil reynsla af óperustarfsemi
- Leiðtoga-hæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking og/eða reynsla af fjármálum

Stjórn Íslensku óperunnar ræður óperustjóra til fjögurra ára í senn. Umsókn skal jafnframt fylgja greinargerð um hugmyndir umsækjanda er varðar framtíðarsýn hans á starfsemi Íslensku óperunnar. Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsóknarfrestur er til og með 15. mars nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.



TEMPO

...is Hiring!

FIVE REASONS TO JOIN TEMPO

1. You get to work with a dedicated, enthusiastic team of talent that is really good at what they do. We hire the best and the brightest go-getters out there, and we're looking for others who are passionate about learning, growing, and being part of something big.

2. You get to dive in and challenge yourself in your new role. Rigidity and hierarchy are not our thing. Your voice matters. You'll have the opportunity to take on new challenges from the get-go, and leave your mark.

3. We've more than doubled our headcount in the last 12 months. Our team is quickly growing, and it's an exciting time. With four products currently, we're pretty busy these days. We like it that way—it keeps us on our toes and constantly challenged.

4. We're the market leader in Atlassian marketplace add-ons. We are the largest development team outside of Atlassian. Our Tempo Timesheets add-on for JIRA was voted the #1 Atlassian Marketplace Add-on of 2012. Tempo Timesheets was also the Top-Grossing Atlassian Marketplace Add-on in 2013, and more recently, our new Tempo Planner solution was the Top-Grossing New Atlassian Marketplace Add-on in 2014. Plus, we've got exciting launches in the pipeline. Bam!

5. It's not all about work. We're a team, and we like to have fun while contributing to it. Scavenger hunts, Friday beer parties, dressing up like superheroes, holiday parties—we celebrate together as well as we work together. We also like to give back.

Learn more and apply at:
tempoplugin.com/careers

Current openings:

Reykjavík

- **UX DESIGNER**
- **CUSTOMER ADVOCATE**
- **PRODUCT MANAGER**
- **CUSTOMER SUPPORT**
- **SUMMER INTERNSHIPS AT TEMPO**
- **PRODUCT MARKETING SPECIALIST**

North America

- **CUSTOMER SUPPORT**
- **CUSTOMER ADVOCATE**

Germany

- **CUSTOMER ADVOCATE**

Tempo is a recognized leader and visionary in project and portfolio management solutions for Atlassian's JIRA platform, with customers ranging from small startups to large-scale distributed and Fortune 50 enterprises with more than 10,000

Tempo users. More than 6,000 organizations in over 100 countries—including Disney, eBay, Amazon, AT&T, Nordstrom, BMW, Dell, and Pfizer—use Tempo's agile solutions to work smarter and more efficiently.

Náttúrustofa Austurlands auglýsir starf forstöðumanns laust til umsóknar

Náttúrustofa Austurlands er þekkingar- og þjónustuaðili sem vinnur að rannsóknum, ráðgjöf og þekkingarmiðlun í tengslum við náttúruvar. Náttúrustofan er rekin af Fjarðabyggð og Fljótsdalshéraði með stuðningi ríkis og starfar samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992 og lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994

Starfssvið forstöðumanns

- Ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi Náttúrustofunnar
- Undirbúningur og viðhald rannsóknarstefnu
- Áætlanagerð
- Stjórnun mannauðs
- Stefnumótunarvinna
- Samskipti við stjórnvöld og samstarfsaðila

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í náttúrufræði og reynsla af rannsóknum eru skilyrði
- Framhaldsmenntun er æskileg
- Fagleg þekking á viðfangsefnum Náttúrustofunnar
- Stjórnunar- og rekstrarreynsla
- Hæfni í mannlegum samskiptum og uppbyggilegt viðmót
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku

Starfsaðstaða forstöðumanns er í Neskaupstað.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. júní 2015.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsóknir skal senda til stjórnar Náttúrustofu Austurlands, Mýrargötu 10, 740 Neskaupstað eða á netfangið valdimarh@hsa.is fyrir **14. mars 2015**. Nánari upplýsingar veitir Valdimar O. Hermannsson formaður stjórnar í síma 8606770.



Starfsmaður óskast til starfa í Þjónustumiðstöð Sjálfsbjargarheimilisins

Starfshlutfall er 100% eða eftir samkomulagi.

Leitað er að einstaklingi sem á auðvelt með að sýna frumkvæði, sjálfstæði og sveigjanleika í starfi. Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar mikilvægir. Unnið er með dagleg viðfangsefni sem tengjast tótmundaiðju. Góð íslensku-kunnátta nauðsynleg.

Nánari upplýsingar veitir Valerie Harris yfiriðjubjálfi í síma 550 0300. Umsóknir merktar „starfsmaður í Þjónustumiðstöð Sjálfsbjargarheimilisins“ sendist Þjónustumiðstöð Sjálfsbjargarheimilisins Hátúni 12, 105 Reykjavík fyrir **16. mars 2015**.

Sjúkraliðar eða aðrir með sambærilega menntun á heilbrigðis- eða félagssviði eru hvattir til að sækja um starfið.



Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa/Kjaradeild

Starf við launavinnslu í Kjaradeild

Kjaradeild sinnir launavinnslu Reykjavíkurborgar og hefur eftirlit með framkvæmd kjarasamninga. Deildin ber ábyrgð á túlkun kjarasamninga og vinnuréttar og fer með fyrirsvar þeirra mála gagnvart viðsemdum og aðilum vinnumarkaðar. Deildin sinnir auk þess ráðgjöf á sviði vinnuréttar og kjarasamninga innan Reykjavíkurborgar og hefur umsjón með og ber ábyrgð á mannaútsupplýsingakerfi borgarinnar og þróun þess. Hjá Kjaradeild starfa 25 starfsmenn og hefur deildin aðsetur að Borgartúni 12.

Óskað er eftir öflugum starfsmanni til starfa við launavinnslu. Leitað er að einstaklingi sem býr yfir mikilli samskiptahæfni, sýnir frumkvæði og hefur tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð. Unnið er með mannaúts- og launakerfi Oracle og krefst vinnan skipulags- hæfni og nákvæmni.

Helstu verkefni:

- Skráning og yfirferð ráðningar- og launagagna
- Eftirlit með rafrænni skráningu
- Eftirlit með rétttri framkvæmd kjarasamninga
- Samskipti og leiðbeiningar til stjórnenda vegna launa- og viðverkerfa

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af launavinnslu og þekking á kjarasamningum
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Greiningarhæfni
- Góðir samskiptahæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

Umsóknarfrestur er til og með **15. mars 2015**.

Nánari upplýsingar veita Atli Atlason, deildarstjóri Kjaradeilda í síma 411 4323, netfang: atli.atlason@reykjavik.is og Þorbjörg Atladóttir í Kjaradeild í síma 411 4305, netfang: thorbjorg.atladottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglí það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Geturðu GERT þetta?

Óskað eftir áhugasömum meistaranema í starfsnám

Starfið felst meðal annars í því að tengja saman skóla og fyrirtæki og aðstoða við að þróa leiðir að samstarfi sem getur nýst nemendum um ókomna framtíð, setja upplýsingar og fróðleik á aðgengilegt form á vefsíðu GERT og hvetja til miðlunar upplýsinga. Þetta er tækifæri fyrir áhugasaman einstakling til að tengja saman eigið nám við fjölbreytt starf.

GERT (Grunnmenntun eflid í raunvísindum og tækni) er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Markmið verkefnisins er að efla áhuga nemenda á raunvísindum og tækni og virkja atvinnulíf og skóla í því skyni.

Umsóknir og frekari upplýsingar á: www.gert.menntamidja.is

Umsóknarfrestur til 11. mars.

GERT

SAMTÖK IÐNAÐARINS

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA
MENNTA OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI

365 óskar eftir góðu fólki

UMBROTSMANN/GRAFÍSKAN HÖNNUÐ VANTAR TIL STARFA Á FRÉTTABLAÐINU

Óskað er eftir vönum umbrotsmanni eða grafískum hönnuði sem hefur gott vald á grafíkvinnu. Viðkomandi þarf að hafa góða þekkingu á InDesign, Illustrator og Photoshop. Umsækjendur þurfa að geta unnið sjálfstætt og undir álagi.

Um vaktavinnu er að ræða.

Áhugasamir sækji um starfið ekki síðar en **23. mars nk**.

Eingöngu er tekið við umsóknum á vef 365 miðla – www.365midlar.is/hafdu-samband/storf/

Frekari upplýsingar veitir Sæmundur Freyr Árnason, framleiðslustjóri Fréttablaðsins, sfa@frettabladid.is.

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lífandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 410 manns.

365



Verkalýðsfélag Vestfirðinga - Verk-Vest tók til starfa 1. janúar 2002. Félagið er deildarskipt blandað stéttarfélag verkafólks, verslunar- og skrifstofufólks, iðnaðarmanna, sjómanna og starfsfólks hjá sveitarfélögum og ríkisstofnunum. Í dag nær félagssvæðið yfir alla Vestfirði að Hrutafirði undanskildum og er félagið með starfsstöðvar á Ísafirði og Patreksfirði.

Verkalýðsfélag Vestfirðinga auglýsir eftir starfsmanni í bókhald á skrifstofu félagsins á Ísafirði

Ábyrgðarsvið

- Bókun reikninga
- Afstemmingar og uppgjör
- Umsjón með launabókhalda
- Skýrslugerð
- Umsjón með innheimtu og rafrænum skráningum
- Önnur tilfallandi skrifstofustörf

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af bókhaldsstörfum, uppgjörsvinnu og afstemmingum er skilyrði
- Góð þekking á TOK bókhaldskerfi og rafrænum skráningarkerfum er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku – önnur tungumál kostur
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góðir samskiptahæfileikar og rík þjónustulund

Upplýsingar veitir:

Kristín Guðmundsdóttir
kristin@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á
hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og
með 10. mars.

Um fullt starf er að ræða og
er æskilegt að viðkomandi geti
hafið störf sem fyrst.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is



Ungmennafélag Íslands (UMFÍ), er landssamband ungmennafélaga. Innan hreyfingarinnar eru 19 héraðssambönd og 10 félög með beina aðild. Alls eru 263 skráð félög innan UMFÍ með yfir 100 þúsund félagsmenn. UMFÍ rekur þjónustumiðstöðvar í Reykjavík og á Sauðárkróki þar sem veitt er þjónusta við aðildarfélög og félagsmenn. UMFÍ stefndur fyrir mörgum verkefnum á landsvísi á sviði lýðheilsu-, umhverfis-, æskulýðs- og íþróttamála.

Framkvæmdastjóri Ungmennafélags Íslands

Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) auglýsir laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra UMFÍ. Leitað er að jákvæðum einstaklingi sem hefur áhuga á íþrótt- og æskulýðsmálum og er tilbúinn til að skipuleggja og stýra starfsemi UMFÍ.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Ábyrgð á rekstri UMFÍ
- Dagleg stjórnun skrifstofu UMFÍ
- Starfsmannastjórnun
- Framkvæmd ákvarðana stjórnar UMFÍ
- Yfirumsjón með starfi nefnda og verkefna innan UMFÍ
- Skipulag og ábyrgð á samstarfi og samskiptum við sambandsaðila
- Þátttaka í samstarfi UMFÍ við innlenda og erlenda aðila

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun og rekstri fyrirtækja og/eða félagasamtaka
- Þekking og reynsla af starfsmannastjórnun
- Þekking og reynsla af félagsstarfi innan ungmennafélags-hreyfingarinnar eða annarra félagasamtaka
- Færni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta sem og kunnátta í Norðurlandamáli
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Upplýsingar veitir:

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á
hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og
með 16. mars.

Umsóknnum þarf að fylgja ítarleg
starfsferilskrá og kynningarbréf þar
sem gerð er grein fyrir hæfni í starfi
og ástæðu umsóknar.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is

RÁÐGJAFI Í STRAUMLÍNUSTJÓRNUN

Vegna aukinna verkefna á rekstrarráðgjafasviði óskar Expectus eftir að fá til starfa ráðgjafa í straumlínustjórnun (Lean Management).

Expectus rekstrarráðgjöf aðstoðar fyrirtæki og stofnanir við að greina og bregðast við breytingum í umhverfi sínu, greina styrkleika og veikleika í innviðum, draga fram lykilhæfni, marka stefnu og koma henni í framkvæmd. Gildi Expectus eru kraftur, heiðarleiki og samvinna. Starfsmenn eru ráðnir inn í takt við gildin og fá þeir hlutdeild í árangri fyrirtækisins. Nánari upplýsingar má finna á www.expectus.is.

Hjá Expectus starfar öflugur hópur reynslumikilla ráðgjafa sem hafa langa og fjölbreytta reynslu úr atvinnulífinu og hafa sem ráðgjafar tileinkað sér framsæknu aðferðir okkar tíma. Verkefni ráðgjafa í straumlínustjórnun fela í sér að vinna með starfsfólki fyrirtækja og stofnana við að greina aðgerðir og ferli út frá aðferðafræði Lean og aðstoða við að innleiða umbætur.

HÆFNISKRÖFUR OG EIGINLEIKAR:

- » Afburða greiningarhæfni.
- » Háskólamenntun á framhaldsstigi.
- » Þekking á aðferðafræði straumlínustjórnunar og reynsla af árangursríki innleiðingu hennar.
- » Drifkraftur og einlægur áhugi á umbótum.
- » Sannfæring, einstök samskiptahæfni og lausnamiðuð hugsun.
- » Metnaður, heiðarleiki, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð samhliða teymisvinnu.
- » Mjög gott vald á íslensku og ensku, bæði í rituðu og töluðu máli.

SÆKJA UM:

Nánari upplýsingar um starfið veita Hildur Erla Björgvinsdóttir, hildur@radum.is og Sigrún Erna Sævarsdóttir, sigrun@radum.is í síma 519 6770.

Áhugasamir sækja um á heimasíðu Ráðum, www.radum.is fyrir 14. mars nk.

Með umsókn skal fylgja greinargóð ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni í starfið.

ráðum
atvinnustofa

UMSÓKNARFRESTUR
14. mars nk.

ntc.is

GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR

ÓSKAST Í FJÖLBREYTT OG LIFANDI STARF Í GÓÐUM FÉLAGSKAP

Helstu verkefni:

- Hönnunar- og auglýsingavinna
- Ljósmyndun / myndvinnsla
- Merkingar í verslunum
- Önnur tilfallandi markaðsmál

Hæfniskröfur:

- Brennandi áhugi á tísku
- Reynsla af markaðstörfum

Kunnátta á mynd og umbrotsforrit Photoshop, Illustrator, Indesign, (Flash eða Adobe edge er kostur)

- Grunnkunnátta í ljósmyndun
- Góð ritkunnátta

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á helga@ntc.is
Umsóknarfrestur er til 08. Mars

NTC

Art director og grafískur hönnuður

Vegna aukinna umsvifa leitum við að hæfileikaríku fólki til að starfa með öflugum hópi skapandi fólks á Íslensku auglýsingastofunni.

**Umsókn sendist rafrænt á starf@islenska.is
Umsóknir berist ekki síðar en 8. mars 2015.
Allar umsóknir eru trúnaðarmál.**

Art director

Starfið:
Íslenska leitar að art director með að lágmarki þriggja ára reynslu af vinnu á auglýsinga- eða hönnunarstofu.

Art director stýrir verkefnum og ber hönnunarlega ábyrgð. Art director er hugmyndaríkur, listrænn, skipulagður, nákvæmur og leiðandi.

Grafískur hönnuður

Starfið:
Íslenska leitar að grafískum hönnuði með að minnsta kosti árs reynslu af vinnu á auglýsinga- eða hönnunarstofu.

Grafískur hönnuður fullhannar verkefni og ber ábyrgð á frágangi til birtingar. Grafískur hönnuður er hugmyndaríkur, listrænn, skipulagður, nákvæmur og metnaðarfullur.

Íslenska hefur verið í fremstu röð íslenskra auglýsingastofa í 27 ár og er stolt af því að hafa komið að kynningu öflugustu vörumerkja á Íslandi.

islenska.is



Íslenska

Viltu slást í för með framúrskarandi hugbúnaðarfyrtæki?

Applicon leitar að öflugum starfsfólki



Applicon
Borgartún 37
101 Reykjavík

563 61 00
applicon@applicon.is
applicon.is

Ert þú forritari sem vilt leita á ný mið?

Við leitum að forritara sem yrði hluti af öflugum teymi sérfræðinga á sviði fjárhagslausna Vigor. Unnið er m.a. með CA Plex og Visual Studio.

Helstu verkefni

- / Hönnun og þróun á Vigor viðskiptalausnum
- / Sambætting kerfa
- / Greining á þörfum viðskiptavina
- / Þjónusta og samskipti við viðskiptavinum

Menntunar- og hæfniskröfur

- / Háskólamenntun í tölvunar-, verk- eða kerfisfræði eða sambærilegu sviði
- / Reynsla af hugbúnaðargerð og gagnagrunnsforritun
- / SQL og C# reynsla er kostur
- / Sjálfstæði, ábyrgð og öguð vinnubrögð
- / Hæfni í mannlegum samskiptum

Þekkir þú ABAP, SAP og .NET?

Við leitum að framúrskarandi forritara til að takast á við krefjandi og fjölbreytt verkefni í SAP hugbúnaðarumhverfinu.

Helstu verkefni

- / Forritun í SAP (ABAP), HANA og .NET
- / Forritun og tæknilegar útfærslur í SAP og tengdum umhverfum
- / Hugmyndavinna og þróun lausna fyrir viðskiptavinum í SAP umhverfinu

Menntunar- og hæfniskröfur

- / Háskólamenntun í tölvunar-, verk- eða kerfisfræði eða sambærilegu sviði
- / Reynsla á sviði hugbúnaðargerðar og/eða ráðgjafar er kostur
- / Sjálfstæði, ábyrgð og öguð vinnubrögð
- / Hæfni í mannlegum samskiptum

Hefur þú stýrt hugbúnaðarverkefnum?

Við leitum að metnaðarfullum og öflugum verkefnastjóra sem hefur framúrskarandi þjónustulund og ríka skipulagsgáfu.

Helstu verkefni

- / Áætlanagerð, stýring og samræming þróunarverkefna og verkefna fyrir viðskiptavinum
- / Þátttaka í viðhaldi og áframhaldandi uppbyggingu ferla og gæðastaðla
- / Þjónusta og samskipti við viðskiptavinum

Menntunar- og hæfniskröfur

- / Háskólagráða sem nýttist í starfi
- / Reynsla af verkefnastjórnun í hugbúnaðargerð og upplýsingatækni
- / Yfirsýn og geta til að vinna undir álagi
- / Hæfni í mannlegum samskiptum
- / Frumkvæði, drifkraftur og vilji til verka

Applicon er hugbúnaðarfyrtæki sem sérhæfir sig í ráðgjöf, þjónustu og þróun viðskiptahugbúnaðar. Fyrirtækið hefur þróað fjölmargar sérlausnir fyrir sveitafélög, sjávarútvegsfyrirtæki, fjármálafyrirtæki og orkufyrirtæki sem og lausnir á sviði mannauðs- og launamála. Hjá Applicon á Íslandi starfa

yfir 50 starfsmenn með fjölbreyttan bakgrunn. Applicon er hluti af Nýherjasamstæðunni og er í hópi framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi árið 2014.
Nánari upplýsingar veitir Erla Andrea Pétursdóttir, eap@applicon.is.

Umsóknarfrestur er til 16. mars 2015.
Allar umsóknir og fyrirspurnir eru trúnaðarmál. Sækið um á vefnum okkar, www.applicon.is.



Tækjamenn/Bílstjórar

Dráttarbílar Vélaleiga óska eftir að ráða vana tækjamenn / bílstjóra til starfa. Við leitum að hæfileikaríkum einstaklingum með reynslu til starfa á gröfum og tækjum ásamt akstri vörubifreiða.

Hæfniskröfur

- Vinnuvélaréttindi / meirapróf.
- Reynsla við stjórn vinnuvéla
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Stundvísi, heiðarleiki, snyrtimennska og reglusemi.
- Reyklaus.
- Geta unnið sjálfstætt.
- Íslenskukunnátta skilyrði.
- Hreint sakavottorð
- Ferilskrá

Tekið er á móti umsóknum rafrænt á atvinna@drattarbilur.is Einnig er mjög mikilvægt að viðkomandi skili ferilskrá með umsókn.

Umsóknarfrestur er til 16.mars 2015



Pungaflutningar - Verktakastarfsemi - Jarðvinna - Efnissala
Skeiðarás 4 • 210 Garðabæ • atvinna@drattarbilur.is

EY

Building a better working world

© 2015 Ernst & Young ehf. All Rights Reserved.

Ernst & Young ehf. óskar eftir að ráða lögfræðing sem er sérfræðingur í skattarétti

Við leitum að jákvæðum og kraftmiklum einstaklingi sem hefur áhuga á skattamálum. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og hafið störf sem fyrst.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- ▶ úrlausn skattalegra álitafna
- ▶ samskipti við skattyfirvöld
- ▶ framkvæmd skattalegra áreiðanleikakannana
- ▶ þátttaka í alþjóðlegu samstarfi EY

Menntun og hæfni

- ▶ próf frá lagadeild (cand.jur/meistaránám)
- ▶ reynsla af skatta- og félagarétti
- ▶ góð íslensku- og enskukunnátta
- ▶ hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- ▶ skipulags- og samskiptahæfni

Umsóknarfrestur er til og með 9. mars nk. Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið hildur.palsdottir@is.ey.com

Frekari upplýsingar um starfið veitir Ásta Kristjánsdóttir sviðsstjóri skattasviðs EY.

EY er alþjóðlegt endurskoðunar- og ráðgjafarfirmakerfi með um 190.000 starfsmenn í 150 löndum.

www.ey.is

NÝ TÆKNIFÆRI HJÁ NÝHERJA

Við leitum að öflugum liðsmönnum

Sérfræðingur í hugbúnaðarlausnum

Sérfræðingur í hugbúnaðarlausnum sér um að samþætta, þróa og innleiða ný hugbúnaðarkerfi hjá viðskiptavinum Nýherja.

Helstu verkefni:

- » Samþætting, þróun, innleiðing og rekstur hugbúnaðarlausna
- » Tengingar og samþætting við skýjaþjónustu

Hæfniskröfur:

- » Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- » Háskólamenntun eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- » Þekking á Active Directory og ADFS er kostur
- » Þekking á gagnagrunnum
- » Reynsla af hugbúnaðarþróun

Tæknimaður í vettvangsþjónustu

Tæknimaður þarf að vera sjálfstæður og útsjónarsamur og hafa áhuga á að tileinka sér nýjungar og takast á við krefjandi verkefni.

Helstu verkefni:

- » Almenn notendabjónusta við viðskiptavini Nýherja
- » Heimsóknir til viðskiptavina og aðstoð í gegnum síma
- » Uppsetning og viðgerðir á tölvu- og prentbúnaði
- » Uppsetning og þjónusta við hugbúnaðarlausnir
- » Umsýsla með pósthugbúnaði og viðskiptahugbúnaði á snjalltækjum
- » Samstarf við kerfisstjóra í tæknilegum verkefnum

Hæfniskröfur:

- » Framúrskarandi þjónustulund og skilningur á þörfum viðskiptavina
- » Góð þekking á Windows stýrikerfum auk MacOS, Linux þekking er kostur
- » Reynsla af helstu snjalltækjum, Android og iOS, Blackberry er kostur
- » Menntun sem nýtist í starfi og tæknilegar vottanir, t.d. Microsoft gráður, eru kostur

Nánari upplýsingar um þessi störf veitir **Elva Tryggvadóttir, sérfræðingur starfsmannabjónustu**, elva.tryggvadottir@nyherji.is.

Umsóknarfrestur er til og með 10. mars 2015. Sótt er um störfin á vef Nýherja, www.nyherji.is/atvinna.

Bæði kyn eru hvött til að sækja um störfin. Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.

Nýherji er samstæða fyrirtækja í upplýsingatækni. Hjá móðurfélaginu starfa 270 manns en hjá samstæðunni um 470. Dótturfélag Nýherja eru TM Software, Tempo, Applicon á Íslandi og í Svíþjóð. Félagið er skráð í Kauphöll Íslands (NASDAQ OMX Iceland hf.).

BORGARTÚNI 37
SÍMI 569 7700
WWW.NYHERJI.IS



Verkefnastjóri í fjármálatengd verkefni

Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands óskar eftir að ráða verkefnastjóra í fjármálatengd verkefni á skrifstofu sviðsins.

Helstu verkefni:

- Stjórnendaupplýsingar
- Námskeiðs- og kennsluuppgjör
- Kostnaðargreining
- Fjárhagsáætlanir
- Ráðgjöf og aðstoð við fjármál og uppgjör erlendra styrkja og rannsóknaverkefna
- Ýmis önnur fjármálaverkefni

Nánari upplýsingar veitir Vilborg Lofts, rekstrarstjóri Heilbrigðisvísindasviðs, vl@hi.is eða 525 5812.

Sjá nánari upplýsingar um starfið á www.hi.is/laus_storf.

Umsóknarfrestur er til og með **16. mars nk.**

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskiptafræði, fjármálum eða skyldum greinum
- Reynsla af háskólastarfi æskileg
- Gott vald á upplýsingatækni og hæfni til að tileinka sér nýjungar á því sviði
- Mjög gott vald á Excel
- Faglegur metnaður, nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Lipurð, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði



HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIRAKTENNA • SÍLA • 150007

VAKA

Vaka hf óskar eftir starfsfólki í eftirtalin störf:

VARAHLUTAVERSLUN

Vaka hf. óskar eftir starfsmanni í varahlutaverslun.

Hæfniskröfur:

- Gott viðmót og áhugi á að bæta sig í starfi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Vinnuvélaréttindi kostur
- Stundvísi og snyrtimennska
- Góð mannleg samskipti
- Þjónustulund
- Öguð vinnubrögð
- Þekking á helstu bíltegundum og varahlutum kostur

Áhugasamir sendi starfsumsókn ásamt ferilskrá á starf@vakahf.is, fyrir **13.mars 2015, merkt: Förgun**

Hjólbarðaverkstæði

Vaka hf. óskar eftir starfsmanni á hjólbarðaverkstæði.

Hæfniskröfur:

- Gott viðmót og áhugi á að bæta sig í starfi
- Vinnuvélaréttindi kostur
- Stundvísi og snyrtimennska
- Góð mannleg samskipti
- Þjónustulund
- Öguð vinnubrögð

Áhugasamir sendi starfsumsókn ásamt ferilskrá á starf@vakahf.is, fyrir **13.mars 2015, merkt: Dekk**

Ertu vélstjóri eða vélfræðingur?

TM auglýsir laust starf tjónamatsmanns skipatjóna

Starfssvið

- Tjónaskoðanir og umsjón með afgreiðslu og uppgjöri skipatjóna
- Samskipti og ráðgjöf til viðskiptavina
- Gagnaöflun og útreikningar tjónakostnaðar

Hæfniskröfur

- Vélstjóra- eða vélfræðimenntun er áskilin
- Reynsla af sjómennsku, skipaviðgerðum, eftirlitsstörfum og/eða tjónsmati
- Góð almenn tölvukunnátta ásamt góðri íslensku- og enskukunnáttu
- Viðkomandi þarf að geta starfað sjálfstætt og unnið vel undir álagi
- Gerð er krafa um nákvæmni í starfi og markviss og fagleg vinnubrögð

Einstaklingar sem hafa til að bera frumkvæði, kraft og útsjónarsemi ásamt framúrskarandi samskiptahæfileikum og þjónustulund eru hvattir til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 9. mars n.k. Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á netfangið starf@tm.is. Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

Kjartan Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri tjónaþjónustu TM (kjartanv@tm.is), veitir nánari upplýsingar.

Hjá TM er viðskiptavinurinn og hagsmunir hans okkar megin viðfangsefni. Það er markmið okkar að viðskiptavinir upplifi í öllum sínum samskiptum við TM að ekkert tryggingafélag á Íslandi veiti betri vernd gegn áföllum. Í því felst að viðskiptavinurinn sé rétt tryggður á hverjum tíma og fái ávallt framúrskarandi þjónustu við úrlausn sinna mála hvort heldur við kaup á tryggingum, við tjón, í lánaviðskiptum eða greiðsluþjónustu.

TM hefur staðið efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvuginni í fjórtán skipti af sextán og er það íslenska fyrirtæki sem oftast allra hefur hlotið viðurkenninguna.



Tryggingamiðstöðin Síðumúla 24 Sími 515 2000 tm@tm.is www.tm.is



MOSFELLSBÆR



Lágafellsskóli í Mosfellsbæ auglýsir lausar stöður

í Höfðabergi sem er útibú frá Lágafellsskóla. Þar verða næsta skólaár 190 börn í þremur 5 ára deildum leikskóla, 1. og 2. bekk grunnskóla. Markvisst samstarf er milli árganganna þriggja meðal nemenda og starfsfólks. Höfðaberg er staðsett við Æðarhöfða í Mosfellsbæ.

Auglýst eru laus eftirfarandi störf:

Deildarstjórastöður við leikskóladeildir 5 ára barna

Leikskólakennarakennarar óskast í tvær stöður deildarstjóra. Ráðið verður í stöðurnar annars vegar frá 1. apríl eða samkvæmt nánara samkomulagi og hins vegar verður ráðið í stöðu frá 1. ágúst. Um framtíðarráðningu er að ræða.

Leikskólakennarastaða

Leikskólakennari óskast frá miðjum maí eða samkvæmt nánara samkomulagi. Um framtíðarráðningu er að ræða. Ef ekki fást leikskólakennarar til starfa kemur til greina að ráða fólk með aðra uppeldismenntun.

Frekari upplýsingar um störfin er að finna á vef Mosfellsbæjar www.mos.is

Upplýsingar um störfin veitir Anna María Gunnarsdóttir aðstoðarleikskólalastjóri í síma 6600752.

Umsóknarfrestur er til **13.mars 2015**.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og reynslu skulu sendar á netfangið annam@lagafellsskoli.is Launakjör eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA



Hjúkrunarheimilið Eir óskar eftir matreiðslumanni í sumarafleysingu

Vinnutími: Dagvinna og önnur hver helgi.

Upplýsingar veitir Gunnar J. Einarsson forstöðumaður eldhúss.
eldhus@eir.is

Eir hjúkrunarheimili
Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík
Sími 522 5700



Atvinna í boði

Óskum eftir framreiðslunum og matreiðslunum

www.perlan.is

Sendið umsóknir á perlan@perlan.is



Fræðslunetið auglýsir eftir verkefnisstjóra yfir símenntun fatlaðs fólks á Suðurlandi.

Um er að ræða 100% starf vegna ársleysis starfsmanns frá 1. maí 2015 til 30. apríl 2016 með möguleika á framlengingu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf, a.m.k. að hluta til, 15. apríl.

Starfssvæði Fræðslunetsins nær yfir Árnæssýslu, Rangárvallasýslu, Vestur- og Austur-Skaftafellssýslu.

Starfsstöð verkefnisstjóra er í Fjölheimum á Selfossi. Starfið felur í sér áætlanagerð, skipulagningu námskeiða, ráðgjöf, kennslu og fleira.

Menntun- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum
- Reynsla af námi og kennslu fullorðins, fatlaðs fólks
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði
- Reynsla af verkefnastjórnun eða önnur sambærileg reynsla
- Þekking á hugmyndafræði fullorðinsfræðslu

Laun og kjör skv. kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags.

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu sendist til asmundur@fraedslunet.is fyrir **16. mars** næstkomandi.

Nánari upplýsingar veitir Rakel í síma 560-2030.

Sjá frekar um víðtæka starfsemi Fræðslunetsins á <http://fraedslunet.is>

Starfsmaður í fjárhagsdeild Vélasölnnar

Vélasalan óskar eftir starfsmanni í fjárhagsdeild sína.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Færsla og gerð bókhalds
- Afstemmingar
- Samskipti við viðskiptavini og birgja
- Aðstoð við uppgjör
- Bókhaldsvinna fyrir tengd félög

Hæfniskröfur:

- Reynsla og þekking af sambærilegu starfi.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Samstarfs- og samskiptahæfni
- Jákvæðni og rík þjónustulund

Vélasalan er öflugt þjónustufyrirtæki í sjávarútvegi sem sérhæfir sig í innflutningi og sölu á vélum og búnaði í fiskiskip og báta og flestu sem því tilheyrir.

Nánari upplýsingar veitir **Ingvaldur Gústafsson**, ingvaldur@velasalan.is
Umsóknarfrestur er til og með **5. mars nk.**
Umsóknir skulu sendar á ingvaldur@velasalan.is



Embætti rektors Háskóla Íslands er laust til umsóknar

Háskólaráð Háskóla Íslands auglýsir laust til umsóknar embætti rektors.

Rektor er æðsti fulltrúi skólans og talsmaður gagnvart mönnum og stofnunum innan háskólans og utan hans. Hann stýrir starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki sér heildarstefnu í málefnum skólans. Rektor ber enn fremur ábyrgð á framkvæmd stefnu háskólans og tengslum háskólans við innlenda og erlenda samstarfsaðila. Þá hefur hann eftirlit með allri starfsemi háskólans. Skipunartímabil rektors er fimm ár, frá 1. júlí 2015.

Embættisgengir eru þeir einir sem hafa prófessorshæfi, leiðtogahæfileika og skýra og metnaðarfulla framtíðarsýn fyrir háskólann, ríka samskiptahæfni og víðtæka reynslu af stjórnun og stefnumótun.

Umsóknir skulu berast starfsmannasviði, Aðalbyggingu Háskóla Íslands, Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík eða á netfangið starfsumsoknir@hi.is, merkt HI15010208. **Umsóknarfrestur er til og með 9. mars 2015.**

Frekari upplýsingar um starfið má finna á vef Háskóla Íslands, <http://www.hi.is/rektorskjor2015>

Háskóli Íslands er stærsti háskóli landsins og þar stunda nærri fjórtán þúsund namar grunn- og framhaldsnám um þessar mundir. Fastir starfsmenn eru um 1400 talsins og stundakennarar vel á þriðja þúsund.

Háskóli Íslands er alþjóðlegur rannsóknaháskóli og hefur verið í hópi 300 bestu háskóla heims frá árinu 2011 samkvæmt matslista Times Higher Education World University Rankings. Skólinn er í nánu samstarfi við marga af helstu rannsóknaháskólum og háskóla-deildum heims og rannsóknavirkni starfsmanna hefur vaxið hratt á undanförunum árum. Um leið hefur skólinn ríkum skyldum að gegna við íslenskt samfélag, menningu og tungu með rannsóknum sínum.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is

PENNAVINUR ÓSKAST

Penninn óskar eftir að ráða fjárhagsbókara í fjölbreytt og krefjandi starf

STARFSSVIÐ

- Skráning rekstrarreikninga í samþykktarkerfi
- Bókun kostnaðar í fjárhag
- Bókun bankareikninga
- Mánaðarleg uppgjörsvinna
- Afstemmingar
- Önnur tilfallandi verkefni á fjármálasviði

HÆFNISKRÖFUR

- Menntun í viðskiptafræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð færni í bókun fjárhagsbókhalda
- Reyndsla af skilum uppgjörs til endurskoðanda kostur
- Góð almenn tölvukunnátta, þekking á Navision er kostur
- Frumkvæði í starfi, nákvæmni og öguð vinnubrögð skilyrði
- Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í mannlegum samskiptum

Um fullt starf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst

Áhugasamir vinsamlegast sendið fyrirspurnir og umsóknir á netfangið atvinna@penninn.is fyrir 8.mars nk.



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Viltu vinna að betri heimi? Sumarstarf hjá Amnesty International

Skemmtilegt, gefandi og vel launað starf. Mannréttindasamtökin Amnesty International óska eftir að ráða starfsfólk í kynningar á sms aðgerðaneti okkar á götum úti. Við leitum að opnum, jákvæðum og ábyrgum einstaklingum, sem hafa áhuga á mannréttindum.

Upplýsingar gefur Torfi Jónsson verkefnastjóri (tgj@amnesty.is)



FASTEIGNASALI

Allt fasteignir – fasteignasala óskar eftir löggiltum fasteignasala eða aðila með góða reynslu af fasteignaviðskiptum.

Alfarið árangurstengd laun. Hátt skiptihlutfall.

Allar nánari upplýsingar veitir Þorbjörn Pálsson löggiltur fasteignasali í síma 898-1233.

Viltu vinna í skemmtilegasta vöruhúsi landsins?

Oddi leitar að duglegum og vandvirkum starfskrafti. Lyftarapróf er plús. Sæmileg kímigáfa er skilyrði. Oddi er líflegur, jafnréttissinnaður og fjölskylduvænn vinnustaður. Við hjörtum hresst fólk.

Kíktu á oddi.is og kynntu þér málið



Umbúðir og prentun



Staða skólustjóra við Grunnskólann í Þorlákshöfn Laus er til umsóknar staða skólustjóra við Grunnskólann í Þorlákshöfn

Í skólanum eru 220 nemendur í 1. -10. bekk. Við skólann starfar hæft og vel menntað starfsfólk og stöðugleiki hefur verið í starfsmannahaldi. Einkunnarorð skólans eru: Vinátta, virðing og velgengni. Skólinn er Grænfánaskóli þar sem nemendur vinna af metnaði að umhverfismálum. Húsnæði skólans er afar gott líkt og allur aðbúnaður. Gott samstarf er við leik- og tónlistarskóla á staðnum en tónlistarskólinn er í húsnæði grunnskólans. Sveitarfélagið Ölfus hefur sinnt skólamálu af miklum metnaði og hlaut á dögunum viðurkenningu fyrir að styðja starfsfólk í leikskólakennaranámi. Auk þess styður sveitarfélagið við menntun grunnskólakennara sinna. Skólinn hlaut Menntaverðlaun Suðurlands árið 2011 fyrir námslegar framfarir og samþættingu á leiklist og tónlist í starfi skólans. Í skólanum er lögð áhersla á fjölmennarleg starf og einstaklingsmiðað nám.

Mikilvægt er að skólustjóri sé tilbúinn að viðhalda þeim jákvæða og góða skólabrag sem hefur einkennt starf Grunnskólans í Þorlákshöfn. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir þekkingu og skýrri sýn á skólastarf og veitir faglega forystu til framtíðar þar sem tekið er tillit til mismunandi þarfa, áhuga og getu nemenda.

Meginhlutverk skólustjóra er að:	Menntunar- og hæfniskröfur:
<ul style="list-style-type: none"> • Veita faglega forystu og móta framtíðarsýn í samræmi við skólastefnu sveitarfélagsins, aðalnámskrá grunnskóla og lög um grunnskóla. • Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans. • Bera ábyrgð á starfsmannamálum s.s. ráðningum, starfsþróun og vinnutilhögun. • Bera ábyrgð á samstarfi við aðila skólasamfélagsins. 	<ul style="list-style-type: none"> • Leyfisbréf sem grunnskólakennari og kennslureynsla í grunnskóla. • Viðbótarmenntun í stjórnun menntastofnana og reynsla af stjórnun. • Góðir skipulagshæfileikar og færni í áætlunargerð og fjármálastjórnun. • Færni í starfsmannastjórnun. • Lipurð og hæfni í samskiptum. • Sveigjanleiki og víðsýni. • Vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi og áhugi á þróunarstarfi.

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda, menntun og stjórnunarreynslu og nöfn tveggja umsagnaraðila. Tilgreina skal þau verkefni sem viðkomandi hefur unnið að og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna starfi skólustjóra. Þá skal fylgja umsókninni greinargerð þar sem fram koma hugmyndir umsækjanda um skólastarf og hvernig hann sér starfsemi Grunnskólans í Þorlákshöfn þróast undir sinni stjórn.

Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2015. Umsækjendur skili umsókn í tölvupósti á netfangið gunnsteinn@olfus.is fyrir mánudaginn 16. mars 2015.

Laun eru samkvæm kjarasamningi KÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar um starfið veitir: Gunnsteinn R. Ómarsson bæjarstjóri, gunnsteinn@olfus.is, s: 480-3800 og Halldór Sigurðsson skólustjóri, halldor@olfus.is, s: 480-3850.

Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

Velferðarsvið

- Proskapjálfi á hæfingarstöð
- Forstöðumaður íbúðakjarna

Skólar

- Starfsmaður í dægradvöl, Kársnesskóli

Menntasvið

- Baðvörður í sundlaug Kópavogs, kona

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst www.kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is

Starfsfólk í Borgarnesi

Vegna mikilla verkefna framundan óskar Límtré Vírnet eftir að ráða í eftirfarandi framtíðarstörf:

Vélvirki og blikksmiður

Menntun í vélvirkjun/stálsmiði, blikksmiði eða öðrum sambærilegum greinum æskileg. Einnig kemur til greina að ráða menn vana járnsmíðavinnu eða blikksmiði.

Verkefni í járnsmíðju og blikksmiðju eru fjölbreytt, bæði í nýsmíði og viðhaldsvinnu, hvort heldur sem er innan fyrirtækisins eða úti hjá viðskiptavinum.

Völsunardeild

Okkur vantar til starfa laghent fólk í völsunardeild fyrirtækisins.

Störfín eru fjölbreytt en nauðsynlegt er að umsækjendur séu vanir að vinna við vélar og tæki og hafi þekkingu eða reynslu af vélavíðhaldi.

Nánari upplýsingar gefur Aðalsteinn Símonarson á staðnum, í síma 412 5302 eða tölvupósti all@limtrevirnet.is.

Umsóknarfrestur er til 3. mars



HS Veitur hf óska eftir að ráða rafvirkja / rafveituvirkja til starfa á starfsstöð sína í Vestmannaeyjum og í Árborg

Rafvirki / Rafveituvirki

Helstu þættir starfsins eru:
- viðhald og viðgerðir á dreifikerfi, línunum og götulögnum.
- nýlagnir, tengingar og frágangur.

Hæfniskröfur:
- sveinspróf í rafvirkjun eða rafveituvirkjun.
- sjálfstæð vinnubrögð.
- góð framkoma og lipurð í mannlegum samskiptum.


Sótt er um starfið á heimasíðu HS Veitna, www.hsveitur.is.

Nánari upplýsingar varðandi starfið í Vestmannaeyjum veitir Sigurjón Ingi Ingólfsson og varðandi starfið í Árborg veitir Þorvaldur Þorvaldsson í gegnum skiptiborð í síma 422 5200. Umsóknarfrestur er til og með 13. mars 2015.

HS Veitur hf varð til 1. desember 2008 þegar Hitaveitu Suðurnesja hf var skipt í HS Veitur hf og HS Orku hf. HS Veitur hf annast raforkudreifingu á Suðurnesjum, í Hafnarfirði, í hluta Garðabæjar, í Vestmannaeyjum og í Árborg. HS Veitur hf annast hitaveitustur á Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum. Annast vatnsveitustur að stórum hluta á Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum.

Starfsstöðvar HS Veitna hf eru fjórar þ.e. í Reykjanesbæ, í Hafnarfirði, í Vestmannaeyjum og í Árborg. Hjá HS Veitum hf starfa 84 starfsmenn en auk þess eru ákveðin starfsþættir keyptir af HS Orku hf.

HS VEITUR HF
www.hsveitur.is



Þjóðminjasafn Íslands auglýsir

Verkstjórn ræstinga

Þjóðminjasafn Íslands auglýsir eftir starfsmanni í ræstingar og verkstjórn ræstinga í húsnæði safnsins á höfuðborgarsvæðinu. Um nýtt starf er að ræða sem unnið er í dagvinnu og mun sá sem verður ráðinn taka þátt í nánari mótun þess. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi marktæka reynslu af ræstingum, sé framtakssamur, snyrtilegur og úrræðagóður og eigi auðvelt með mannleg samskipti.

Helstu verkefni:

- Dagleg verkstjórn og eftirlit með gæðum ræstinga
- Ræstingar á húsnæði Þjóðminjasafns
- Þátttaka í skipulagi ræstinga og ræstingartengdra verkefna
- Þátttaka í ræstingartengdum verkefnum, s.s. á sýningum og í geymslum
- Innkaup á ræstingarvörum.

Hæfniskröfur:

- Marktæk reynsla af ræstingum
- Frumkvæði og vandvirkni
- Snyrtimennska og gott auga fyrir hreinlæti
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfileiki til að vinna með öðrum
- Verkstjórnarreynsla
- Íslenskukunnátta.

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélag og fjármálaráðherra. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir með upplýsingum um starfsreynslu og meðmælendur berist skrifstofu safnsins að Suðurgötu 43, 101 Reykjavík eða á póstfangið starfsumsokn@thjodminjasafn.is, í síðasta lagi 5. mars 2015. Umsóknir skulu merktar „Ræstingar“.

Litið verður svo á að umsóknir gildi í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur. Við ráðningar í störf er tekið mið af jafnréttisáætlun stofnunarinnar. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veitir Þóra Björk Ólafsdóttir (thora.bjork@thjodminjasafn.is) í s: 530-2200.

Starfsmaður taki þátt í því að Þjóðminjasafn Íslands nái markmiðum sínum sem vísinda- og þjónustustofnun. Starfsmaður leggji áherslu á góða þjónustu og ráðgjöf, fagleg og ábyrg vinnubrögð og jákvætt skapandi andrúmsloft á vinnustað.

Þjóðminjasafn Íslands er háskólastofnun og höfuðsafn á sviði menningarminja og rannsókna á menningarsögulegum minjum í landinu. Hlutverk þess er að auka og miðla þekkingu á menningarminum og sögu íslensku þjóðarinnar. Þjóðminjasafn Íslands starfar m.a. á grundvelli laga um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011, safnalaga nr. 141/2011 og laga um menningarminjar nr. 80/2012.

ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?

SPENNANDI TÆKIFÆRI!

Mikil fjölbreytni ríkir í starfsemi BYKO og við erum ávallt að leita að góðu fólki. Það fólk sem við ráðum til starfa þarf að búa yfir hæfileikum til að starfa sjálfstætt, vera jákvætt og þjónustulundað og eiga mjög gott með að vinna með öðrum. BYKO býður upp á mjög góða vinnuástöðu og mikla framtíðarmöguleika fyrir rétt starfsfólk.

GRANDI

DEILDARSTJÓRI MÁLNINGARDEILDAR

Starfið krefst mikillar þekkingar á málningu og efnavörum. Nánari upplýsingar veitir Agnar Kárasón verslunarstjóri, agnar@byko.is eða 821 4005.

KJALARVOGUR

STARFSMAÐUR Í VÖRUHÚSI

Leitað er að öflugum starfsmanni í Kjalarvogi.

STARFSMAÐUR Á LYFTARA

